



21. apríl 2006

Alþingi,
Efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á lögum um starfsemi kauphalla o.fl. (647. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 4. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV styðja lögfestingu frumvarpsins en vilja benda á eftirfarandi:

1. gr. a. (17. gr.)

Í stað orðsins „skráningarlýsing“ komi: lýsing.

Breytingin er til samræmis við nýja hugtakanotkun í lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003.

1. gr. b. (18. gr.)

Í 1. málslíð segir „eða skilyrði skráningu verðbréfanna“, en í sambærilegu ákvæði sagði áður „eða skilyrða skráningu verðbréfanna“. Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið stóð til að fella hið eldra ákvæði aftur inn í lögina, væntanlega í óbreyttri mynd. Í þeirri breytingu sem lagatextinn ráðgerir fælist sá efnislegi munur að stjórn kauphalla yrði þar með ekki heimilt að setja skilyrði fyrir skráningu verðbréfa, heldur eingöngu fella verðbréf af skrá. Gera verður ráð fyrir því að þessi breyting sé til komin fyrir mistök enda kemur fram í greinargerð að lagt sé til að stjórn kauphalla sé heimilt að að skilyrða skráningu.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
frankvæmdastjóri